

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 93/2000**

**frá 10. nóvember 2000**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/1999 frá 24. september 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1532/2000 frá 13. júlí 2000 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 805/1999 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 45b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 805/1999) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32000 R 1532:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1532/2000 frá 13. júlí 2000 (Stjtið. EB L 175, 14.7.2000, bls. 74).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 433.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 175, 14.7.2000, bls. 74.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1532/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. nóvember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes*

*E. Gerner*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.